

## **Borgarráð 28. nóvember 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjöld Félagsbústaða fyrir óflokkað sorp MSS24110183**

Lagt er til að borgarráð samþykki að beina því til stjórnar Félagsbústaða að endurskoða ákvörðun um að innheimta aukagjöld hjá leigjendum sínum vegna óflokkaðs sorps í sameiginlegum sorpgeymslum félagsins.

### **Greinargerð**

Fregnir hafa borist af því að Félagsbústaðir hafi ákveðið að innheimta sérstakt gjald með húsaleigu þegar sorphirðan hefur ekki getað fjarlægt sorp vegna þess að íbúar hafi ekki flokkað á réttan hátt. Fulltrúi Flokks fólksins hvetur til þess að Félagsbústaðir sýni meiri sanngirni í þessu máli og níðist ekki á því fólki sem ekkert hefur til saka unnið í flokkunarmálum Fulltrúi Flokks fólksins vill að hætt verði að láta aðra borga fyrir slóðaskap annarra og nefnir sem dæmi Austurbrún 6 þar sem hefur safnast upp óflokkað sorp í sorpgeymsluna undanfarið og sorphirðan því ekki getað fjarlægt sorpið. Vegna þess hafa Félagsbústaðir að grípa til þeirra aðgerða að fjarlægja sorpið og munu innheimta aukalega með leigunni 01.12.2024 kr. 20.000,- á hvern íbúa. Þetta er með eindæmum ósanngjarnt og minnt er á að þeir sem þarna búa eru efnalítið fólk sem oft á ekki mat á diskinn sinn. Þeir sem eru til fyrirmyndar eiga ekki að þurfa að líða fyrir slóðaskap annarra.